

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 6. september 2021 um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hekloreitur, nánar tiltekið lóðirnar við Laugaveg 168-174a.

Fulltrúar í Íbúarráði Miðborgar og Hlíða [ÍMH] leggja áherslu á að við högun og hönnun á þeim byggingum sem koma til með að verða byggðar á svokölluðum Hekloreit verði fullkannað að hönnun verði algild, þannig að aðgengi allra verði tryggt með hönnun þeirra bygginga sem þar koma til með að rísa og alls umhverfis

Eins að haft verði í huga að við uppbyggingu á reitnum er verið að hefja byggingu á íbúðarhúsnæði fyrir óíka hópa með mismunandi þarfir og er því nauðsynlegt að aðgengi barna og barnafólks að leikgörðum og leiktækjum verði tryggt þar sem Hekloreit er í blandaðri byggð og í nágrenni við núverndi lóð er ekkert um opin leiksvæði eða aðgengi að leiktækjum og aðstöðu til hreyfingar að neinu leyti.

Því telja fulltrúar nauðsynlegt að horft sé til slíkra þarfa við hönnun svæðisins, bæði með algilda hönnun bygginga og umhverfis og að þarfir barna- og fjölskyldufólks séu hafðar í fyrirrúmi.

Margrét Norðdahl, formaður íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.